

Þriðjudaginn 25. janúar 1955.

Nr. 152/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn

Páli Hallgrímssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða var hinn 12. janúar 1954 dæmd refsing með dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða, sem lýst er í I. kafla hins áfrýjaða dóms, var framið hinn 5. janúar 1954. Ber samkvæmt þessu að dæma ákærða refsingu fyrir það brot samkvæmt 248. gr. sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Hallgrímsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 15. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2628/1954: Ákærvaldið gegn Páli Hallgrímssyni, er tekið var til dóms 11. þ. m.

Með ákæruskjali, dags. 31. f. m., er Páll Hallgrímsson verkamaður, nú refsifangi, ákærður fyrir að hafa framið þessi lagabrot:

I. Að hafa þriðjudaginn 5. janúar s.l. tekið á leigu bifreið og látið bifreiðarstjórann, Sigurð Anton Jónsson, aka sér um bæinn, unz ökugjaldið nam kr. 60.00, og eiga ekki fé til greiðslu þess.

II. Að hafa miðvikudaginn 10. marz s.l. fengið afgreiðslustúlku í Ferðaskrifstofunni til að afhenda honum farangur, sem Hilmar Indriðason frá Raufarhöfn átti þar geymdan, með því að segja henni, að hann ætti að taka farangurinn, en slá síðan eign sinni á hann.

Brot þessi eru talin varða við 248. gr. laga nr. 19/1940, og ákæríst Páll til að sæta refsingu samkvæmt því ákvæði, sviptingu réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga og til greiðslu bóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 22. janúar 1932 á Sauðárkróki, hefur áður sætt þesum kærur og refsingum:

- 1947 1/11 Uppvís að þjófnaði. Sendur á upptökuheimili til rannsóknar. Dr. Símon Jóh. Ágústsson gaf skýrslu.
- 1949 20/11 Uppvís að þjófnaði. Málssókn felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 13. desember 1949.
- 1951 26/1 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Skaðabætur í sama máli kr. 888.00.
- 1951 28/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1952 12/1 Rvík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 110. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1953 6/3 Rvík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1954 12/1 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum gögnum:

I.

Hinn 5. janúar s.l. kom ákærði á bifreiðastöðina Bifröst og tók bifreið á leigu. Ók bifreiðarstjórinn Sigurður Anton Jónsson með ákærðan, unz ökugjaldið nam 60 kr. Ákærði átti ekki fé til að greiða ökugjaldið, en ekki minntist ákærði á féleysi sitt við bifreiðarstjórann, áður en þeir hófu ferðina. Ákærði hefur þannig gerzt brotlegur við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þriðjudaginn 9. marz s.l. kom ákærði hingað til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum, þar sem hann hafði verið á bát. Samferða honum var Hilmar Indriðason frá Raufarhöfn. Er þeir komu hingað, fengu þeir dót sitt geymt í Ferðaskrifstofu ríkisins og fengu kvittun hvor um sig.

Daginn eftir fór ákærði til Ferðaskrifstofunnar og fékk þar afhent dót sitt gegn afhendingu kvittunarinnar. Þá sá hann þar dót Hilmars, en það var ein stór ferðataska, strigapoki og sjópoki. Ákærði sagði stúlkunni, sem afgreiddi hann, að hann ætti að taka dót þetta, og lét hann líta svo út sem hann hefði haft kvittunina fyrir því, en væri búinn að týna henni. Varð það úr, að stúlkán afhenti honum dót Hilmars. Saga ákærða um, að hann ætti að taka dót fyrir Hilmar, var tilbúningur einn. Sló ákærði eign sinni á dótið og hafði það með sér um borð í bát, er hann réðst á. Þegar hann var handtekinn og upp komst um brot hans, var allmikið af fatnaði og sængurfötum í vörzlum hans, er Hilmar átti, og var því skilað, en nokkuð var ákærði búinn að selja, og virðist það hafa verið 3 skyrtur og buxur.

Með verknaði þeim, er nú hefur verið lýst, hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 248. gr. laga nr. 19/1940. Bótakrafa kom ekki fram.

III.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Svipta ber hann kjörgengi og kosningarrétti til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 400 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Áka Jakobssonar hdl. Enn fremur ber að taka til greina kröfu Sigurðar Antons Jónssonar um, að ákærði greiði honum kr. 60.00, en þá kröfu hefur ákærði samþykkt.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Hallgrímsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Sigurði Antoni Jónssyni kr. 60.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 400 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar héraðs-dómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.